

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2003

frá 20. júní 2003

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf aðildarríkjanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 291/2003/EB frá 6. febrúar 2003 um að gera árið 2004 að Evrópuári menntunar með iðkun íþróttar ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2003.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í bókun 31 við samninginn breytist 4. gr. (Menntun, þjálfun og æskulýðsmál) sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2f (Undirbúningsaðgerðir vegna samvinnu á sviði stefnu í mennta- og æskulýðsmálum):

„2g. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2003 taka þátt í eftirfarandi aðgerð:

- **32003 D 0219:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 219/2003/EB frá 6. febrúar 2003 um að gera árið 2004 að Evrópuári menntunar með iðkun íþróttar (Stjtið. EB L 43, 18.2.2003, bls. 1).“
2. Í stað orðanna ‘2e og 2f’ í 3. lið komi orðin ‘2e, 2f og 2g’.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 54 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 43, 18.2.2003, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hefur verið send sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2003.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
P. Westerlund
formaður

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.